



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 21. mars 2024

2403033SA VRB  
Málalýkill: 00.63

### Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um þjóðlendur, 737. mál.

Vísað er til tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, dags. 7. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, 737. mál. Frumvarpinu er ætlað að útfæra starfslok óbyggðarnefndar ásamt því að lagðar eru til breytingar á nokkrum ákvæðum þjóðlendlaga í ljósi reynslu á framkvæmd laganna undanfarin ár.

### Afstaða sambandsins

Samband íslenskra sveitarfélaga vill vekja athygli á tveimur atriðum í tengslum við umrætt frumvarp.

#### Mörkun tekjustofna sveitarfélaga – 3. gr.

Sambandið telur þá breytingu að fella út 3. og 4. másl. 4. mgr. 3. gr. laganna vera jákvæða fyrir sveitarfélög en með þeirri breytingu er lagt til að ákvæði um mörkun tekjustofna sveitarfélaga á grundvelli lagaákvæðisins falli út en eins og ákvæðið er núna skulu sveitarfélög verja tekjum af leyfum af nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu til uppbyggingar innviða, landbóta, umsjónar, eftirlits, skipulagsáætlanagerðar og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna ásamt því að gefa árlega skýrslu til ráðherra um ráðstöfun fjárins. Verði breytingin samþykkt munu sveitarfélög hafa forræði á þessum tekjum og geta nýtt þær til brýnna verkefna sem lúta ekki endilega að umsýslu þeirra með þjóðlendum sem styrkir sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga. Einnig minnkar það óþarfa skrifað að sveitarfélög þurfi ekki að gera ráðherra grein fyrir ráðstöfun þessara tekna. Er því þessi breyting í samræmi við meginmarkmið og leiðarljós stefnumótunar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022-2026 þar sem fram kemur að standa skuli vörð um sjálfstjórnarrétt sveitarstjórna.

#### Breytingartillaga á þingskjali nr. 1163

Fram er komin breytingartillaga við frumvarpið en markmið tillögunnar er að takmarka valdsvið óbyggðanefndar við landsvæði innan meginlandsins sem myndi hafa þau áhrif að öll yfirstandandi mál sem taka til landsvæða utan meginlandsins falla niður. Sambandið sendi bréf til fjármála- og efnahagsráðuneytisins 11. mars sl. þar sem óskað var eftir endurskoðun á framsetningu kröfulýsingar ríkisins vegna eyja og skerja, svæði 12. Þar kemur fram að það sé mat sveitarfélaga að kröfugerð íslenska ríkisins sé óskýr og jafnframt háð ákveðnum lögfræðilegum annmörkum. Meginerindi bréfsins var að:

1. Ráðuneytið staðfesti við Óbyggðanefnd að það hyggist endurskoða kröfulýsingu sína á svæði 12 heildstætt vegna ábendinga um að kröfugerð nái út fyrir málsmeðferðarsvæði og fleiri lögfræðilegra þátta.

2. Ráðuneytið fari kerfisbundið yfir kröfulýsingar og felli út umfjöllun um öll tilgreind sker/eyjar sem eru nú hluti meginlands Íslands samkvæmt landfræðilegum gögnum.
3. Ráðuneytið muni við endurskoðun á framsetningu kröfugerðar greina lögfræðilega stöðu netlaga jarða á strönd meginlands Íslands og netlög þeirra eyja sem eignaréttur er ekki véfengdur á.
4. Ráðuneytið muni vinna að því að gera kröfulýsingu landfræðilega skýrari, varðandi afmörkun kröfusvæðis gagnvart stórstraumsfjöruborði/netlögum meginlands Íslands og eyja sem eignaréttur er ekki véfengdur á.
5. Ráðuneytið í samráði við Óbyggðanefnd ráðist í ítarlega samantekt á ákvæðum sérlaga og annarra réttarheimilda sem varða málsmeðferðarsvæðið.
6. Ráðuneytið muni afla utanaðkomandi lögfræðilegrar álitsgerðar um almenn atriði varðandi eignaréttarlega stöðu eyja/skerja, með tilliti til fyrri framkvæmdar þjóðlendumála á landi og sérreglna sem geta átt við vegna eyja og skerja og gera viðfangsefnin ólík.

Umrætt bréf er meðfylgjandi þessari umsögn.

Sambandið telur því mikilvægt að skoða vel málsmeðferð ráðuneytisins varðandi eyjar og sker en óljóst er af breytingartillögunni hver fær hlutverk óbyggðanefndar ef landsvæði utan meginlandsins falla utan valdsviðs óbyggðanefndar. Við setningu laganna á sínum tíma var markmiðið að stjórnvöldum yrði falið að eiga frumkvæði að því að skera með skipulegum hætti úr um það hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna og mörk afrétta innan þjóðlendna og úrskurða um önnur eignaréttindi innan þjóðlenda. Heimilt er að skjóta úrskurðum nefndarinnar til dómstóla. Skoða þarf vel hvort nauðsynlegt sé að breyta lögum eða hvort málsmeðferð hafi ekki verið fullnægjandi.

#### **Að lokum**

Almennt gerir sambandið ekki athugasemd við frumvarpið og styður sérstaklega að breyting á 3. gr. varðandi markaða tekjustofna og skýrslugjöf til ráðherra verði samþykkt. Fulltrúar sambandsins eru reiðubúnir að mæta á fund nefndarinnar til að eiga frekara samtal um málið sé þess óskað.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediktsdóttir  
yfirlögfræðingur

Fylgiskjal: Beiðni um endurskoðun á framsetningu kröfulýsingar ríkisins vegna eyja og skerja, svæði 12. (Bréf sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins).